

Dagskrá Iðunnar haustið 2023

Fundir fara fram í Tónskóla Sigursveins, Hraunbergi 2 en kvæðalagaæfingar og söngvökur í Söngskólanum í Reykjavík, Laufásvegi 49 (gengið inn frá Bragagötu).

Fundir

föst. 6. okt. kl. 20:00

föst. 3. nóv. kl. 20:00

föst. 8. des. kl. 20:00

Kvæðalagaæfingar

miðv. 4. okt. kl. 20:00

miðv. 1. nóv. kl. 20:00

Söngvökur

miðv. 18. okt. kl. 20:00

miðv. 56. nóv. kl. 20:00

Að kvöldi 1. desember mun Iðunn taka þátt í dagskrá á Árbæjar-safni. Þar verður kvæðalagaæfing og söngvaka í baðstofunni og kveðskapur, harmonikkuspil, dans o.fl. í gamla íþróttahúsinu.

Vaka þjóðlagahelgi 15.-17. september

Dagskráin hefst á degi rímnalagsins 15. september með rímnatónleikum Iðunnar á Kex hostel sem hefjast kl. 20.

Laugardaginn 16. september heldur dagskráin áfram á Kex hostel með vinnustofum í dansi og tónlist. Laugardagskvöldið, þungamiðja hátíðarinnar, hefst með matarveislu með sérstöku haust-upskeruþema að hætti Antje Taiga áður en húsbandið leikur þjóðlagatónlist fyrir dansi og sérfræðingar í þjóðdansi leiða fólk í gegnum sporin. Kvöldinu lýkur með dúndrandi stemningu með Skuggamyndum frá Býsans.

Sunnudaginn 17. september kl. 14 verður haldið málþing um fortíð, nútíð og framtíð íslenskrar þjóðlagatónlistar og langspilmót í **Eddu – húsi íslenskunnar**. Þar verða flutt stutt inngangserindi um efnið frá ýmsum sjónarhornum og síðan taka við umræður með þátttöku málþingsgesta. Málþingið er samvinnuverkefni Vökufélagsins, Stofnunar Árna Magnússonar, Iðunnar og Tónlistarborgarinnar Reykjavík.

Nánar um dagskrá Vöku þjóðlagahelgar á vakareykjavik.is.

Nánar um málþing og langspilmót á arnastofnun.is/vidburdir



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

143. tölublað – 44. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2023

Ábm: Bára Grímsdóttir

Haustferð Iðunnar laugardag 2. september

Að þessu sinni verður ekki farið langt því leiðin liggur í Hafnarfjörð. Dagskráin er í stórum dráttum á þessa leið: **Kl 9:30** safnast fólk saman í morgunkaffi á Kænunni, Óseyrarbraut 2. Hægt er að taka strætó: Leið 1 Hfj. Skarðshlíð fer frá Hlemmi kl. 8:43 og stansar við Suðurbæjarlaug, en þaðan er um 8 mín. gangur að Kænunni. Eftir morgunhressinguna verður kveðið á Óseyri í minningu Skáld-Rósu sem átti þar heima um tíma, en síðan verður haldið að Byggðasafni Hafnarfjarðar þar sem tekið verður á móti hópnum. Kl. 13:00 bíður súpa dagsins með grilluðu brauði og smjöri á Kryddi í Hafnarborg við Strandgötu. Eftir hádegisdag verða Karmelsystur heimsóttar í klaustrið og eftir þá heimsókn tekur við gönguferð um gamla bæinn með leiðsögumanni. Gönguferðin endar á Fjörúkránni þar sem fólki gefst kostur á að fá sér fordrykk og kveða saman en einnig verður sagt frá Kvæðamannafélagi Hafnarfjarðar. Kvöldverðurinn verður á sama stað og hádegismaturinn þar sem boðið verður upp á bleikju með rötargrænmeti, sætkartöflumús og hvítvínssósu eða hnetusteik með rötargrænmeti, sætkartöflumús og sveppasósu og súkkulaðifondant, vanilluís og ber í eftirrétt ásamt kaffi. Verð fyrir Iðunnarfélaga er 5.000 kr. en 7.000 kr. fyrir aðra (greiðist í peningum). Innifalið í því er aðgangseyrir, leiðsögn og matur, en fólk kaupir sér sjálft veitingar á Kænunni og Fjörúkránni.

Þátttaka í haustferð tilkynnist á netfangið rosat@hi.is eða í síma **8470870** í síðasta lagi **Þriðjudaginn 29. ágúst.**

Reiknað er með að þau sem skrá sig taki þátt í allri dagskránni, þau sem ætla ekki gera það eru beðin um að geta þess við skráningu.

Munið að skrá óskir ykkar um kvöldmat og láta símanúmer fylgja.

Sjónvarpsfrétt um sauðburð

Í sjónvarpi var sumarfrétt um sauðburðinn hjá ánum. Yndislegu lömbin létt léku sér á skjánum.

Sætu lömbin sem ég hygg að sötri mjólk hjá ánum. Þarna sá ég heilan hrygg hoppa um á skjánum.

Stórfenglegar steikur mæri er stóðu þétt hjá ánum og ofurkrúttlegt lambalæri lötrandi á skjánum.

Kótelettur lágu um stund lafmóðar hjá ánum er mjúk og bústin lambalund læddist um á skjánum.

Er svo loksins upp ég hrökk úr ætisdraumapránunum, ég vaknaði með í koki kökk, kjamsandi á stórutánum,

og sá þá litla sæta frétt um sauðburðinn hjá ánum. Yndislegu lömbin létt léku sér á skjánum.

Gunnar J. Straumland

Ein er fluga ósköp smá er blóðsuga nefnast má, lýst vel duga þjóð að þjá, þvílík bugar lýðinn vá.

Ef það hreyfir eigi vind, um hún sveifar hungurbblind, og vill þreifa á mankind ólm að kneifa dreyralind.

Ef þið sitjið úti á stétt, útafhita klæðum flett, út hún hnitinn reiknar rétt, rauð þá bitin standa þétt.

Þú mátt flýja í angist inn; á mun knýja vargurinn, þig í kví þar setja um sinn, sveipar skýið bústaðinn.

Finnist rifa einhver á um sem bifast kannske má, fljót í svifum friðnum þá fyrir þrifum kýs að stá.

Á þig skríður eins og lús, eigi býður grið né dús, leynist víða vígafús, vakir og bíður allt um hús.

Vegur elginn mý af móð, mettar belg á kaunaslóð, undir velgir uggum þjóð, í sig svelgir hennar blóð.

Þórarinn Már Baldursson

Júliannáll

Nú er sól í sinni sumar loks við völd fagnar landafjöld fram á rauðakvöld. Enginn tollir inni einstakt veðurlag grillum gott í dag með gleðibrag.

Fær þá lítinn frið fólkið úti við gefur engin grið grefils lúsmyið.

Skráma er á skinni skelfing klæjar þar í arma og axlirnar alls staðar.

Á Reykjanesi rýkur rifnaði þar jörð eldur sviður svörð senn fær Hafnarfjörð.

Af víxlurum Reykjavíkur varla hverfur glott gefst nú færi gott gos er flott.

Göngugarparnir geysast fram í dyr. „Krakkinn verður kyrr. komdu, nú er byr.

Finndu glæstar flíkur förum, tókum mynd, annað er jú synd.“ Árátta blind.

Sigurlín Hermannsdóttir

Sumarhækur

Syngur sumar hér. Stekkur hóla stúlka fim, stelkur hlustir sker.

Náttúran er ný. Kindin jarmar, kallar lamb, kinnar bítur mý.

Himinn glansar grár. Suða flugur, kalla kátt, kitla nasahár.

Höskuldur Búi Jónsson

Ágústnótt

Hjúpar mökkvi himintjöld hljóðar rökkurnætur. Bak við dökku djúpin köld dagur klökkur grætur.

Ingólfur Ómar

Vísur eftir Skáld-Rósu

Birtstu fljótt við bæinn minn, bjarta nótt með vorilminn, andans þrótt og unaðinn oft ég sótti á fundinn þinn.

Vektu líf í vonasal vektu líf um hæð og dal vektu líf hjá vífi og hal vektu líf, er blessast skal.

————

Nettar fingur venur við veifir slyngur korða, hjartað stingur, fær ei frið, fallega syngur langspilið.